

Anton Kári Halldórsson,  
Skipulags- og byggingarfulltrúi  
Ormsvelli 1  
860 Hvolsvöllur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 5. nóvember 2013  
Tilvísun: UST20131000109/ksj

## Lýsing. Tillaga að deiliskipulag Hamragarða og Seljalandsfoss

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra er barst 14. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu vegna tillögu að deiliskipulagi fyrir Hamragarða/Seljalandsfoss.

### Náttúruminjar

Eins og fram kemur í greinargerð eru Gljúfrabúi og Seljalandsfoss ásamt hömrum og brekkum milli þeirra, svæði á náttúruminjaskrá. Að mati Umhverfisstofnunar er því afar mikilvægt að við uppbyggingu og þróun svæðisins verði leitast við að framkvæmdir skyggi ekki á náttúruminjunar og að sjónræn áhrif framkvæmda verði í algjöru lágmarki. Einnig er mikilvægt að við framkvæmdir verði viðhöfð vönduð vinnubrögð og komið í veg fyrir allt óþarfa rask.

### Skipulagssvæðið

Væntanleg tillaga að deiliskipulagi mun ná yfir hluta jarðarinnar Hamragarða þ.e. Seljalandsfoss og Hamragarða. Á Hamragörðum er í dag lítil þjónustumiðstöð og tjaldstæði á gömlu túni. Áætlað er að í tillögu að deiliskipulagi verði gert ráð fyrir að Hamragarðar þjóna hlutverki sem fræðslu- og upplýsingamiðstöð fyrir stærra svæði þ.e. Þórsmörk, Hamragarðaheiði og leiðir upp á Eyjafjallajökul.

### Ferðaþjónusta


Fram kemur í lýsingu að áætlað er að reisa fræðslu- og upplýsingamiðstöð á svæðinu. Gert verður ráð fyrir aðstöðu til að taka á móti daggestum, þ.e. veita upplýsingar, tjaldstæði, veitingaþjónustu og snyrtiaðstöðu. Einnig kemur fram að gert verður ráð fyrir skilgreindum aðkomuleiðum inn á svæðið, afmörkun og útfærslu bílastæða og heildstæðu stígakerfi í deiliskipulagstillögunni. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að sjónræn áhrif af ofangreindum framkvæmdum verði metin, og einnig hvernig framkvæmdir verði aðlagðar að svæðinu. Fram kemur á bls. 4 í lýsingu að ljóst sé að að einhverjir ferðaþjónustuaðilar muni sækjast eftir að hafa aðstöðu innan skipulagssvæðisins. Að mati Umhverfisstofnunar er lykilatriði að framkvæmdir séu samræmdar á svæðinu svo ekki sé hætt á að á svæðið safnist


Ósamstað smáhýsi.

### Niðurstaða

Ekki kemur fram í lýsingu hvert umfang framkvæmda á svæðinu komi til með að vera. Eins og fram hefur komið telur Umhverfisstofnun mikilvægt að framkvæmdir og rútur í biðstöðu skyggi ekki á náttúruminjar og að sjónræn áhrif verði í algjöru lámarki. Einnig er mikilvægt að í deiliskipulagi verði fjallað um fráveitulausnir á svæðinu.

Virðingarfyllst

  
Kristín S Jónsdóttir  
Sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun

